



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

Kennarar:	Bertha I. Johansen (BEJ) berthajo@fsu.is Katrín Rut Sigurgeirsdóttir (KSG) katrin.rut@fsu.is Kristjana Hallgrímsdóttir(KH) kristjanah@fsu.is
-----------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum er unnið að skapandi skrifum á sem fjölbreyttastan hátt. Hugað er að muninum milli skapandi skrifa og hagnýtra skrifa. Hvað sé sameiginlegt og hvað sé ólíkt? Nemendur skrifa texta af ýmsu tagi: stuttar sögur og prósa, ljóð í frjálsu formi og örleikrit svo eitthvað sé nefnt. Auk þess sem þeir kynna sér (lesa og greina) útgefna texta eftir viðurkennda höfunda. Lesin verður kjörbók af lista frá kennara og unnin ritgerð úr henni. Að auki er lesin stutt skáldsaga sem er nýtt í skapandi skrif. Verkefni af fjölbreyttu tagi verða unnin í töluðu og rituðu máli.

Undanfari: ÍSLE2BV05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ýmsum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem tengjast skapandi skrifum
- stefnum í íslenskum bókmenntum sem tengjast viðfangsefninu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna skapandi efni frá hugmynd til birtingar
- ganga frá eigin verkum til birtingar eða flutnings
- veita uppbyggilega gagnrýni og nýta sér hana frá öðrum
- flytja af öryggi og sannfæringu kynningu á eigin sköpunarverkum
- skilja viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar tilvísanir í ræðu og riti

Hæfniviðmið:

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á gagnrýnninn hátt
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- skrifa vel uppbyggðan og grípandi texta

- velja framsetningu eftir efni, aðstæðum og viðtakendum
- setja fram efni sitt þannig að inntakið liggi ekki á yfirborðinu
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt í ræðu og riti
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkum sínum

Námsefni:

Nemendur kaupa vangaveltubók (Stílabók A5).

Sigríður Hagalín. (2023). *Deus*. Forlagið.

Ritföng, blýantar, pennar, strokleður.

Kjörbók af kjörbókalista kennara.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Ritun	Vangaveltubók 15%, ritgerð úr Deus 15%, lokaverkefni 20%, verkefnavinna 15%.	65%
Tjáning	Lestur á persónu og örsögu 5%, leiklestur/ræða 10%, ljóðaflutningur 5%, kynning á lokaverkefni 10%.	30%
Virgni og ástundun	Mæting, þátttaka í tímum, skil á verkefnum.	5%
Samtals		100%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dags.	Viðfangsefni
5. - 9. jan Kennsla hefst á fim.	Áfangi kynntur. Muna að koma með vangaveltubók (A5) og bókina Deus í næsta tíma.
12. - 16. jan	Fyrsta vangavelta (ritun og tjáning). Hagnýt og skapandi ritun. Koma með Deus í tíma og halda áfram að lesa hana heima (lesa bls. 5-97 fyrir seinni tíma í næstu viku). Persónusköpun , hugmyndavinna í 3ja manna teymi – skil á Innu.
19. - 23. jan	Nota hugmyndavinnu í vikunni á undan -> einstaklingsskil í vangaveltubók (10%) . Sigfús, Ísabella og Andri Már - skrifa 10-15 línur um hvert þeirra - skil á innu turnitin. Hluti nemandahóps segir frá einni persónu (5%).

26. - 30. jan	Tvær örsögur skrifaðar út frá fréttum í Deus (bls. 18-19, 31-32, 46, 62-63, 78-80, 96-97). Hluti nemendahóps flytur eina örsögu (5%).
2. - 6. feb	DEUS - umræður, verkefnavinna í fyrri tíma og tímaritgerð (15%) í seinni tíma.
9. - 13. feb	Handritavinna Fjallað um epík, lýrik og dramatík og grunnur lagður að handriti. Verkefni unnin í tengslum við samtöl, persónusköpun og hugmyndavinnu
16. - 20. feb Miðannarmat	Örleikrit skrifað. Fjallað um sviðsetningu, samtöl, sögumann og fleira sem tengist handritavinnu.
23. - 27. feb Vorfrí mán og þri. Starfsþróun 27. feb.	Ljóð - Skoðaðar ólíkar gerðir ljóða, bæði að byggingu og formi. Ljóðaverkefni unnin; form, myndmál, túlkun og fleira.
2. - 6. mars Áfangamessa mið	Ljóðaverkefni unnin; ljóðmælandi, yfirborðsmynd, túlkun, greining og flutningur ljóða.
9. - 13. mars Valdagur mið	Smásögur. Fjallað um smásögur, sjónarhorn, persónur, átök, byggingu o.fl. Paraverkefni unnið sem snýr að bæði ritun og framsögn. Tilgangur samtala skoðaður og „sýna, ekki segja“. Verkefni unnin í tengslum við það.
16. - 20. mars Kátir dagar og Flóafár	Smásögur Vinna hefst við smásöguskrif.
23. - 27. mars	Smásögur Áframhaldandi vinna við smásöguskrif. Smásögu skilað. Kjörbók valin fyrir lokaverkefni.
30. mars - 3. apríl	PÁSKAFRÍ
6. - 10. apríl Kennsla byrjar á þri	Vangavelta.
13. - 17. apríl	Vangavelta. Lokaverkefni lagt inn og nemendur ákveða hvað þeir ætla að taka fyrir.
20. - 24. apríl Sumardagurinn fyrsti (fim)	Vangavelta. Vinna í lokaverkefni.
27. apríl - 1. maí 1. maí (fös)	Vangavelta. Nemendur skila lokaverkefni 30. apríl.
4. - 8. maí	Kynningar á lokaverkefnum.
11. - 15. maí Uppstigningardagur Námsmat byrjar á fös	

Sérreglur áfangans:

- Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast á Innu og er almennt skilað rafrænt þangað. Eftir að skilaboxi er lokað er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemendur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefnin sjálf í símanum.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar.

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu þar fær nemandi:

- tækifæri til að sjá hvernig gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem nýtast í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 5. janúar 2026,

Bertha I. Johansen,
Katrín Rut Sigurgeirsdóttir,
Kristjana Hallgrímsdóttir.